

**Nd.**

**284. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Flutningsm.: Hannes Jónsson, Jónas Þorbergsson, Björn Kristjánsson.

1. gr.

Í samvinnufélögum, sem stofnuð eru og starfa samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, skulu félagsmenn hafa forgangsrétt til hverskonar atvinnu við framleiðslustörf félaganna, eins og til dæmis vinnu við sláturhús þeirra, smjörbú og verksmiðjur, útskipun framleiðsluvaranna o. fl. (sbr. 2. gr. lagaanna).

2. gr.

Það varðar sektum frá 2000—20000 kr., ef félagsmönnum er sýnd nokkur tálmun, er þeir eru að störfum þeim, er getur í 1. gr. laga þessara, hvort sem tálmunin kemur fram í ofbeldi eða á annan hátt, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

3. gr.

Mál út af brotum þeim, sem um ræðir í lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram að gefnu tilefni vegna þeirra miskliða, sem risið hafa út af framleiðslustörfum við nokkur samvinnufélög í landinu undanfarið. Það er augljóst, að miklu skiptir fyrir hagsmuni þessara félaga, að þau séu ekki hindruð í því að gera framleiðsluvörur sínar markaðshæfar og koma þeim áleiðis til markaðar. Virðist öll sanngirni og nauðsyn mæla með því, að eigendur framleiðsluvara í samvinnufélögum megi óhindraðir vinna sjálfir að þeim störfum, er svo miklu skipta fyrir hagsmuni þeirra.